

1. Hvort eldstæði hafi verið eins og lög mæla fyrir, sbr. 8. gr. laga nr. 85, 22. nóvbr. 1907, og komi það í ljós, að svo hafi eigi verið, skal hlutaðeigandi sæta sektum sbr. 12. gr. nefndra laga, hvort sem það sannast, að eldurinn hafi haft upptök sín þaðan eða ekki. 47
31. mars.
2. Hvort eldfimir hlutir hafi verið látnir í hús eða herbergi gegn lögum, sbr. 14. og 19. gr. nefndra laga. Sannist það, skal sömuleiðis beita sektum.
3. Yfirheyra skal þann, er fyrir skaða verður, um það, hvenær hann fyrst hafi váttrygt, í hvaða fjelagi, hvaða muni eða birgðir hann hafi váttrygt, og fyrir hve háa upphæð; sje umboðsmaður váttryggingarfjelaga nærstaddur, skal hann yfirheyrdur um þessi atriði, til þess að hægt sje að sannfæra sig um hvort rjett sje skýrt frá.
4. Ennfremur skal yfirheyra þann, sem fyrir skaða verður, um það, hve mikið hann hafi mist af munum, og sje um verslanir að ræða, hve miklar vörubirgðir hafi farist og hvaða verslunarbækur hafi verið haldnar; hafi þær bjargast, skal leggja þær fram í rjettinum og athuga hvort þær hafi verið reglulega færðar, og hvort skýrslu yfirheyra beri saman við þær, svo skal og yfirheyra alla verslunarpjóna og aðra, er ætla má, að hafi þekkingu um vörubirgðirnar.
5. Þar sem slökkviáhöld eru, skal það upplýst, hvenær slökkviliðsstjóra hafi verið gjört viðvart um eldsvoðann, hvenær slökkvidælurnar hafi komið á brunastaðinn, hvort þær hafi verið í lagi eða ekki. Loks skal leita skýrslna slökkviliðsstjóra um, hvar hann hyggur að eldurinn hafi komið upp og af hvaða ástæðum. Að endingu skal það tekið fram, að yfirheyra ber að sjálf-sögðu alla þá, er ætla má að gæti gefið einhverjar upplýsingar um uppkomu eldsins og þann skaða, er hann hefir í för með sjer.

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Arnessýslu um kostnað við skoðun kirkjujarða. 48

7. apríl.

Með brjefi, dagsettu 10. f. m., hafið þjer, herra sýslumaður, sent hingað reikning, að upphæð 8 kr., frá hreppstjóranum í Grímsneshreppi yfir kostnað við skoðun kirkjujarða samkvæmt 11. gr. í lögum nr. 46, 16. nóv. 1907, um laun sóknarpresta, og hafið þjer jafnframt eftir beiðni hans spurst fyrir um það, hvort hann geti ekki vænst þess að fá kostnað þenna endurgoldinn.

Útaf þessu skal yður hjer með til vitundar gefið til leiðbeiningar og til birtingar fyrir hreppstjóranum, að honum ber eigi önnur borgun fyrir umsjón með kirkjujörðum — þar með talin skoðun á jörðunum samkvæmt 11. gr. laganna — en sú, sem ákveðin er í 8. gr. nefndra laga.